



MENNING
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST 1985

BLAÐ **B**NÚTÍMA
TEXTÍL-
LIST

Badanna Zack:
Bjölluhúð I, 1981.
Gipsað og límborið tau.



Magdalena Abakanowicz: Umskiptingurinn 1985, strigi límborinn, víður og segldúkur.

Vakningu nútíma textillistar var frá upphafi vel tekið á Íslandi, bæði af listnjótendum, gagnrýnendum og listamönnum. Síndu listamenn þá víðsýni að játa textílfólk þegar í sinn hóp enda voru fjórir frumherjar vefjarlistar, þær Júlíana Sveinsdóttir, Vigdís Kristjánsdóttir, Ásgerður Búadóttir og Barbara Árnason allar myndlistarkonur og höfðu þrjár þeirra hlotið drjúgan hluta menntunar sinnar við Listaakademiuna í Kaupmannahöfn en Barbara við Konunglega listaskólann í Lundúnaborg. Vefnaður og ullarhnýting voru Júlíönu og Barböru aukageta og leit í annað efni líkt og mósaíkið eða glerið Nínu Tryggvadóttur, en þær Ásgerður og Vigdís beindu aftur á móti kröftum sínum að myndvefnaðinum. Íslenskir listamenn síndu með þessu meiri framsýni en margir stéttarbræður þeirra á Norðurlöndum og skýringanna er ef til vill að leita í þeirri þversögn að listiðnaður stóð hér ekki með sama blóma og í þeim löndum öðrum. Myndvefnaðarkonum varð því ekki í annan hóp vísað.

SAMNORRÆN VEFJARLIST Í 10 ÁR, - NORDISK TEXTILTRIENNALE

Þessa dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum farandsýning norrænna textillistamanna. Hér er á ferðinni Nordisk Textiltriennale í fjórða sinnið. Fyrsta sýningin var opnuð í Álaborg í Danmörku árið 1976, aðaldrifjörður og formaður frá upphafi hefur verið danska listakonan Nanna Hertoft. Þeirri sýningu lauk síðan árið 1977 í Listaskálanum í Færeyjum. Á þriggja ára fresti hefur sýningin ferðalag sitt um Norðurlönd og kemur í þetta sinn til Reykjavíkur frá Moss í Noregi, en þar var sýningin opnuð 8. júní síðastliðinn. Nordisk Textiltriennale er nú stærsta farandsýning norrænna listamanna og hefur tilgangurinn verið að styrkja sambönd listamanna innbyrðis og gefa þeim tækifæri til að sýna það besta og nýjasta sem er á döfinni í hverju landi fyrir sig.

Triennialinn hefur ævinlega verið styrktur af opinberum aðilum og lagði Norræni menningarmálasjóðurinn fram

þriðjung áætlaðrar fjárparfar fyrir 4. triennialinn en mennta- og menningarmálaráðuneyti þátttökulandanna lögðu til það sem á vantaði.


Þátttakendur að þessu sinni eru 80 listamenn frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Á meðal sýnenda eru margir þekktir listamenn svo og ungir og upprennandi. Margar nýjungar má sjá í meðferð efnis og forms.

Fulltrúar Íslands á sýningunni eru listakonurnar Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir. Jafnframt sýnir í boði 4. Nordisk Textiltriennale ung listakona, Þórdís Sigurðardóttir, en hún sýnir nýstárlegt umhverfisverk á Miklatúni fyrir sunnan Kjarvalsstaði.

Sýningin er opin til 25. ágúst, en frá Íslandi fer hún til Færeyja, Danmerkur og Finnlands og endar í Svíþjóð.

Í íslensku Triennialnefndinni eru: Anna Þóra Karlsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Áslaug Sverrisdóttir, Hildur Hákonardóttir og Steinunn Pálsdóttir, en þær Ása Ólafsdóttir og Hildur Hákonardóttir hafa skipt með sér formennsku í nefndinni.

NÚTÍMA TEXTÍLLIST



Ragna Róbertsdóttir: Jarðhús 1983—84, Manillakaðall og línþráður.

Þjóðfélagsraunsæi á undanhaldi

Peter Anker, forstöðumaður Listasafnsins í Bergen, segir í formála að sýningarskrá „Fjórða Norræna Trienalsins“, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, að sé litið yfir ellefu ára sögu hans komi í ljós að árið 1974 séum við stödd mitt í bylgju nýraunsæis, menningarbyltingar og náttúru-rómantíkur. Margvíslegar tilraunir eru þá gerðar með efni og tækni. Síðan hefur margt af þessu horfið, einkum þjóðfélagsraunsæið, en meðhöndlun umhverfis og náttúru, hvort sem hún er túlkuð á raunsæan eða rómantískan máta, hefur breyst og er nú óhlutbundnari og byggir meir á hugmyndafræðilegum grunni. (Í enskri þýðingu er það tekið fram að Íslendingarnir séu leiðandi á þessu sviði en í norska textanum kemur þetta ekki fram.)


Tilraunir með efni og áferð

Hópviðhorf pólitískrar listar er á undanhaldi fyrir einstaklingsýnni. Listamenn gera tilraunir með efni og áferð til þess að tjá sjónrænt viðhorf sitt til náttúnnar og mannlegs eðlis. Hefðbundinn myndvefnaður er einnig í fullu fjöri og greinist sem áður annars vegar í myndrænan vefnað og hins vegar í óhlutbundinn abstrakt myndflöt. Á sama tíma hefur textilþrykk losnað úr viðjum skreytilistar og þróast í það að vera sjálfstæður myndmiðill.

Forgengileg efni

Í Lausanne í Sviss er annað hvert ár haldin mikil sýning textillistar. Í ár hefur íslenski listakonu, Rögna Róbertsdóttur, hlotist sá heiður að verk hennar var tekið á sýninguna, sem í þetta sinn bar yfirskriftina textilskúlpúr.

Í formála að sýningarskrá rekur forstöðukona safnsins, Erika Bill-eter, sögu textilskúlpúra: Klassískar evrópskar þrívíddarmyndir voru gerðar í endingargott efni svo sem stein, marmara, tré eða steypar í brons. Efnin ljáðu verkinu ódauðleika sé miðað við stutta ævi mannsins. Á síðustu tveimur áratugum hafa önnur og nýrri efni rutt sér til rúms og þau hafa breytt bæði yfirbragði og



Marcel Duchamp: Hentugt til ferðalaga 1916, fundinn hlutur.

hugmyndafræðilegum forsendum skúlpúra.

Svo róttæk er þessi breyting að hún snertir innsta kjarna verkanna en höfundar þeirra hafa fram að þessu reynt að ganga í berhöggi við forgengileik allra hluta, þar á meðal listarinnar sjálfar með því að velja efni sem fátt grandar og gera þau með því eilíf. Þetta er ekki lengur svo. Pólska listakonan Magdalena Abakanowicz hefur til dæmis sagt að verk hennar myndu hverfa með henni sjálfri. Sérkenni verka hennar felst í notkun efna, sem hljóta að eyðast í tímans rás.

Frumstæð notkun mjúkra efna

Fornir menningarhópar hafa haft mjúk efni í hávegum í tengslum við trúariðkanir sínar. Náttúran er gjöfúl á fjáðrir, ull, bork, lauf, skinn og hár af dýrum og mönnum. Menn notuðu þessi efni á margvíslegan hátt og stundum „rétt eins og þau komu af skepnni“, sem annað skinn. Þessi efni lyftu mannum upp yfir hversdagsleikann og hjálpuðu honum að kafa dýpra í töfraheim trúar sinnar. Hann notaði þau til varnar gegn illum öndum eins og dýrið hafði notað þau sér til varnar, og er ekki hreiður fuglsins eins fagurlega gert og nokkuð það sem ofið er eða hnýtt af mannanna höndum?

Nýtt listmál

Á tuttugustu öldinni hafa þessi margbreytilegu, lifrænu efni og

fjölskrúðugu formgjafar fært nútímalist nýjan orðaforða. Hvort sem um er að ræða náttúru efni eða tilbúin efni, er hann annar en hið klassíska tungutak og markaðist frá upphafi af eðli þeirra efna sem notuð eru.


Textillistafólk hefur ætíð unnið í efni sem liggja utan hins klassíska, svo það var þeim auðvelt að tileinka sér þau nýju form, sem höfðu verið að ryðja sér til rúms á síðustu áratugum meðal listamanna, sem vinna þrívíð verk og ákaflega fróðlegt að skyggjast um og kanna rætur þeirrar þróunar.

Vasaúr Dalis


Verk Marcells Duchamp frá 1916, „Hlíf af Underwood-ferðarítvél“, er ef til vill fyrsti mjúki skúlpúrinn. Vera má að verkið hafi þó verið tilviljunarkennt eða aðeins „fundinn hlutur“ kynntur sem listaverk, en engu að síður var hér um mjúkan skúlpúr að ræða. Dali málur mynd sína „Minnið er áleitnið“ árið 1931. Úrin sem eru að leka niður eins og bráðnandi vax á eyðisandi hafa orðið tákn fyrir Mjúka list og 1936 gerir hann grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi breytinguna, sem kemur yfir harða hluti er þeir fá mjúkt yfirbragð í Minótárnum með grein sem hann nefndi: „Fyrsta myndbreytingarlögmál hársins í Mjúkum skúlpúr“. Aðrir súrrealistar fylgdu í kjölfarið og umbreyttu hörðum hlutum uns þeir urðu uppleysanlegir eða öðluðust lifrænt yfirbragð og urðu því líkari draumsýn en veruleika. Þeir




Cristo: Innpakkaður gosbrunnur 1968.




Katsuhiko Fujimura: Án titils, 1984. Pressaður og límdur bylgjupappír.



Claes Oldenburg: Mjúk ritvél 1963, vinyl, dúkur, stopp og plexigler.



Salvador Dali: Minnið er áleitnið 1931, olía á striga.



Joseph Beuys: Feitur stóll 1964, tréstöll með fitu.

vöfðu verk sín í mjúk efni á líkan hátt og indíánar Suður-Ameríku og frumbyggjar Ástralíu gerðu við hluti sem höfðu trúarlegt tákn-gildi.

Innpökkun Christos og tissue-pappír

Dadaistarnir og súrrealistarnir höfðu báðir notað mjúk efni, sem nokkurs konar skírskotun án þess að það hefði bein áhrif á sjálft formið. Verkin „Til heiðurs Rauschenberg“ eftir Spoerri og „Rúmið“ eftir Rauschenberg lutu sömu lögmálum og það sama má segja um verk Cesars og Armans. Hlutir sem af þessum sökum geta ekki lengur þjónað tilgangi sínum birtast hjá Oldenburg í Mjúku skúlptúrunum og hjá Cristo í „pökkum“ hans. Forgenglar Cristos kunna þó að hafa verið Man Ray með saumavél sína vafða í umbúðir og bundna með snæri á hjólbörur eða Ljóðræninir hlutir Miros frá árinu 1936. Miro notaði uppstoppuð dýr eins og Rauschenberg gerði á sjöunda áratugnum. Picasso notaði einnig óvenjuleg efni. Á fjórða áratugnum notaði hann rætur, gras og spotta, sem hann fann. Hann gerði brúður úr tré og „tissue-pappír“ og röð af dýra- og mannahöfðum gerði hann úr klipptum pappír 1943. Súrrealistarnir höfðu fundið efni, sem átti eftir að breyta grundvallarhugmyndum okkar um hvað teldist hæfa listaverki. Arftakar þeirra á sjöunda áratugnum urðu nýraunsæiskynslóðin og popplistamennirnir. Báðir þessir hópar umbreyttu hlutum samkvæmt hugmyndum sínum og urðu hugfangnir af þeim raunveruleik er þá birtist.

Ritvél Oldenburgs

Fyrir rúmum tveimur áratugum birtist svo verk þar sem segja má að efni skapi nýjan formstíl, þegar Claes Oldenburg sýnir „Mjúka rit-

vél“ árið 1963 og umbreytir hlut, sem gerður var úr hörðu efni, í mjúkt og sveigjanlegt form. Fimm ár liðu áður en listagagnrýnendur eða listsöguritarar viðurkenndu slík verk sem skúlptúra. Með því að svipta hlut sínum upprunalega tilgangi hafði Oldenburg lokið því sem súrrealistarnir höfðu byrjað á, jafnframt því sem hann hafði fundið upp nýja tegund skúlptúra. Það er fyrir hans tilverknað að hugmyndir okkar um að þrívíð verk skuli vera úr steini, marmara, tré eða brónsi hafa breyst. Við teljum nú einnig til þeirra verk gerð úr mjúkum og sveigjanlegum efnum, burtséð frá hvaða tækni er beitt við gerð þeirra og þau eiga nú sinn sess í listasög- unni.

Efnið er tjáningarmiðill

Lífræn efni sem ekki halda ákveðinni lögun hafa auk þess táknræna merkingu í ætt við galdur og höfðu til elstu trúariðkana mannsins. Risastór verk Magdalenu Abakanowicz úr hampi höfðu með formlegri afstöðu sinni hvort til annars, bæði til töfra og uppruna mannskepnunnar. Samskonar tilhneiging er augljós í verkum Jóseps Beuys. En hann hefur hvað eftir annað gengið í berhöggi við hefðbundinn listskilning, með gerðum sínum og með notkun efna eins og ullarbófa og feitmetis. Hann vill varpa ljósi á frumþarfir lífsins í því augnamiði að við megum aftur nálgast uppruna okkar, sem mannlegar verur. Efnið sjálft er orðið tjáningarmiðill þar sem áður var aðeins samspil forma.

Áhorfandinn er þátttakandi

Það er ljóst að þessi nýi tjáningarmiðill þarfnast virkari þátttöku áhorfandans og krefst þess að hann beiti meira innsæi. Hið margræða, sem tjáð er með notk-

un hinna nýju efna, nálægðin, innihald og djúp merking, allt eru þetta nýir þættir nútímalistar. Hér má líka tilnefna tækni eins og uppstoppuð efni sem notuð er af Panamerenko og Evu Aeppli og strigaskrokka Magdalenu Abakanowicz.

Tengsl manns og náttúru

Þótt veggteppið sé forveri textílskúlptúra verða þeir vart aðgreindir frá öðrum nútímaskúlptúrum. Þróunin var hliðstæð, grundvölluð á þeirri hugmynd að boðskapurinn fælist í því efni sem notað var. Frumeindin er þrívíður þráður. Í hans stað koma svo önnur efni úr jurtaríkinu, pappírskvoða, reipi, víður og tágur. Lífræn og forgengileg eru þessi efni og gagngjör andstæða steina og málma. Dadaistarnir vildu brúa bilið milli lífs og listar og Oldenburg ljáði hugsjónum þeirra búning. Í verkum textíllistafólks felst enn fremur sú ósk að endurvekja forn tengsl manns og náttúru. Verkin höfðu til goðsagna, töfra og arfleifðar hinnar sameiginlegu dulvitundar mannsins. Sé nánar að gáð sést einnig greinilegt mótvægi „hins ytra“ og „hins innra“, hvort sem um er að ræða rými, spennu eða átök gagnstæðra frumafla. Mótvægi þeirra er ef til vill aðaleinkenni textílskúlptúra auk þeirrar tjáningar sem felst í efninu sjálfu.

Vefurinn aftur á vegginn

Þótt Eriku Billeter verði tíðrætt um textílskúlptúr var sýningin í Lausanne fyrir tveimur árum helguð þeirri tegund þráðarlistar, sem krefst sérhannaðs rýmis til að hún njóti sín og veggteppið lifir einnig sínu góða lífi, enda verður yfirskrift næstu sýningar í Sviss „Vefurinn aftur á vegginn“.

Hildur Hákonardóttir vefari

F · U · T · U · R · A

GLUGGATJÖLD SEM GLEÐJA AUGAÐ



Futura-gluggatjöldin eru fíngerð og glæsileg. Vefnaðurinn er af bestu gerð og litirnir einkar aðlaðandi.

Við hjá Álafossi erum stolt og ánægð; Futura-gluggatjöldin og gólfteppin eru nútímaleg gæðavara, sem fellur smekkvísu og kröfuhörðu fólki í geð. Futura-línan er hönnuð af Guðrínu Gunnarsdóttur.



Alafossbúðin

VESTURGÖTU 2, SÍMI 22090 - 13404

Í GÖRFNNI